

## Greiðslujöfnuður við útlönd á þriðja ársfjórðungi og erlend staða þjóðarbúsins í lok september 2005

Á þriðja ársfjórðungi 2005 var 41,3 milljarða króna halli á viðskiptum við útlönd samkvæmt bráðabirgðauppgjöri Seðlabanka Íslands. Á sama tímabili í fyrra var viðskiptahallinn 12,7 milljarðar króna. Á fyrstu níu mánuðum ársins var hallinn 106,3 milljarðar króna samanborið við 49,4 milljarða króna á sama tímabili í fyrra. Útflutningur vöru og þjónustu var 8,3% meiri á fyrstu níu mánuðum 2005 og innflutningur var um 33,6% meiri en á sama tímabili í fyrra reiknað á föstu gengi<sup>1</sup>. Vöruskiptahallinn við útlönd var 70,6 milljarðar króna og hallinn á þjónustujöfnuði 22,3 milljarðar króna á fyrstu níu mánuðum ársins. Jöfnuður þáttatekna (laun, vextir og arður af fjárfestingu) var neikvæður um 12,3 milljarða króna samanborið við 16,8 milljarða króna halla í fyrra. Hagstæðari jöfnuður þáttatekna skýrist af vaxandi tekjum af beinum fjárfestingum erlendis umfram auknar vaxtagreiðslur af erlendum skuldum. Hrein rekstrarframlög til útlanda, sem að stærstum hluta eru framlög hins opinbera til alþjóðastofnana og þróunaraðstoðar, námu 1,1 milljarði króna og höfðu hækkað nokkuð frá fyrra ári.

### *Greiðslujöfnuður við útlönd í milljörðum króna*

	<i>Júlí - sept.</i>		<i>Janúar- september</i>	
	<i>2004</i>	<i>2005</i>	<i>2004</i>	<i>2005</i>
<b>Viðskiptajöfnuður</b>	<b>-12,7</b>	<b>-41,3</b>	<b>-49,4</b>	<b>-106,3</b>
Útflutningur vöru og þjónustu	89,9	82,4	237,9	233,1
Innflutningur vöru og þjónustu	-96,4	-119,8	-269,6	-325,9
Þáttatekjur og framlög, nettó	-6,2	-3,9	-17,7	-13,4
<b>Fjármagnsjöfnuður</b>	<b>20,7</b>	<b>20,9</b>	<b>78,9</b>	<b>140,8</b>
Hreyfingar án forða	23,9	32,8	92,7	150,3
Erlendar eignir, nettó	-143,6	-170,0	-301,2	-689,8
Erlendar skuldir, nettó	167,5	203,1	393,9	840,1
Gjaldeyrisforði (- aukning)	-3,2	-11,8	-13,6	-8,4
<i>Skekkjur og vantalið, nettó</i>	<i>-7,9</i>	<i>20,5</i>	<i>-29,4</i>	<i>-34,5</i>

Miklar fjármagnshreyfingar voru á fyrstu níu mánuðum ársins og nam hreint fjárinnstreymi 140,8 milljörðum króna. Fjárstreymi til landsins skýrist að stærstum hluta af skuldabréfaútgáfu innlendra banka í útlöndum og lántökum fyrirtækja til fjárfestinga erlendis. Bein fjár-

<sup>1</sup> Viðskiptavegin gengisvísitala var 9,5% lægri á fyrstu níu mánuðum 2005 en á sama tímabili árið áður.

festing erlendis var 211,2 milljarðar króna á fyrstu níu mánuðum ársins og fjárústreymi vegna kaupa Íslendinga á erlendum verðbréfum 84,8 milljarðar króna. Þá var mikið fjárústreymi vegna annarrar eignamyndunar í útlöndum, einkum aukinna innstæðna og útlána innlendra banka til erlendra lánþega. Gjaldeyrisforði Seðlabankans nam 70,7 milljörðum króna í lok september sl. og hafði aukist frá ársbyrjun um 8,4 milljarða króna.

Hrein staða við útlönd var neikvæð um 859 milljarða króna í lok september 2005. Erlendar eignir námu um 1.685 milljörðum króna en skuldastaðan nam 2.543 milljörðum króna. Meðfylgjandi töflur sýna ítarlegri upplýsingar um greiðslujöfnuðinn við útlönd og erlenda stöðu þjórðarbúsins á árinu 2005 ásamt endurskoðuðum tölum fyrri ára. Þjónustujöfnuður var leiðréttur 2004 og fyrri ár í samræmi við könnun á útflutningi hugbúnaðar 2004 sem birt hefur verið á heimasíðu bankans. Endurfjárfesting hagnaðar í beinni fjárfestingu og þáttatekjur voru leiðréttar fyrir lakari afkomu hlutdeildarfyrirtækja erlendis en áætlað var á árinu 2004.

Mánudaginn 5. desember nk. birtast töflur um greiðslujöfnuð og erlenda stöðu í Hagtölum Seðlabankans á heimasíðu hans ([www.sedlabanki.is](http://www.sedlabanki.is)). Einnig verður birt yfirlit um erlendar skuldir þjórðarinnar í samræmi við birtingarstaðal Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þar er einnig að finna lýsingu á hugtökum og aðferðafræði við uppgjör greiðslujafnaðar og erlendra stöðu þjórðarbúsins.

Nánari upplýsingar veita Sveinn E. Sigurðsson framkvæmdastjóri tölfræðisviðs Seðlabanka Íslands og Jakob Gunnarsson deildastjóri á tölfræðisviði í síma 569-9600.

## GREIÐSLUJÖFNUÐUR VIÐ ÚTLÖND

Í milljónum króna	Júlí - sept.		Janúar - sept.		Breyting <sup>1</sup> frá fyrra ári
	2004	2005	2004	2005	
<b>Viðskiptajöfnuður</b>	<b>-12.740</b>	<b>-41.309</b>	<b>-49.442</b>	<b>-106.298</b>	
Útflutningur vöru og þjónustu	89.873	82.400	237.850	233.053	8,3%
Innflutningur vöru og þjónustu	-96.397	-119.789	-269.619	-325.927	33,6%
Þáttatekjur og framlög, nettó	-6.216	-3.920	-17.673	-13.424	-16,0%
<b>Vöruskiptajöfnuður</b>	<b>-12.106</b>	<b>-34.324</b>	<b>-25.994</b>	<b>-70.594</b>	
Útfluttar vörur, f.o.b.	50.355	42.331	149.475	140.879	4,2%
Innfluttar vörur, f.o.b.	-62.461	-76.655	-175.469	-211.473	33,2%
<b>Þjónustujöfnuður</b>	<b>5.582</b>	<b>-3.065</b>	<b>-5.775</b>	<b>-22.280</b>	
Útflutt þjónusta, alls	39.518	40.069	88.375	92.174	15,3%
Samgöngur	21.190	19.096	47.742	48.955	13,3%
Ferðalög	12.109	12.732	21.504	21.831	12,2%
Önnur þjónusta	6.219	8.241	19.129	21.388	23,6%
Innflutt þjónusta	-33.936	-43.134	-94.150	-114.454	34,4%
Samgöngur	-12.859	-15.120	-35.787	-40.468	25,0%
Ferðalög	-13.565	-17.661	-35.215	-44.453	39,5%
Önnur þjónusta	-7.512	-10.353	-23.148	-29.533	41,0%
<b>Þáttatekjur, nettó</b>	<b>-5.979</b>	<b>-3.324</b>	<b>-16.770</b>	<b>-12.347</b>	
Tekjur	8.260	15.805	23.363	48.185	128,0%
Laun	1.434	955	4.199	2.901	-23,6%
Vextir og ávöxtun hlutafjár <sup>2</sup>	6.826	14.850	19.164	45.284	161,2%
Gjöld	-14.239	-19.129	-40.133	-60.532	66,7%
Laun	-175	-397	-568	-887	72,6%
Vextir og ávöxtun hlutafjár <sup>2</sup>	-14.064	-18.732	-39.565	-59.645	66,6%
<b>Rekstrarframlög</b>	<b>-237</b>	<b>-596</b>	<b>-903</b>	<b>-1.077</b>	
<b>Fjármagnsjöfnuður</b>	<b>20.667</b>	<b>20.852</b>	<b>78.861</b>	<b>140.840</b>	
Fjárframlög, nettó	-22	-146	-192	-1.019	
Fjármagnshreyfingar <sup>3</sup>	20.689	20.998	79.053	141.859	
<b>Hreyfingar án forða</b>	<b>23.923</b>	<b>32.804</b>	<b>92.656</b>	<b>150.297</b>	
Bein fjárfesting, nettó	-87.254	-77.543	-118.674	-198.399	
Innlendir aðilar erlendis	-93.539	-74.920	-134.511	-211.178	
Erlendir aðilar á Íslandi	6.285	-2.623	15.837	12.779	
Verðbréfavíðskipti, nettó	148.949	95.166	316.153	570.988	
Erlend verðbréf	-14.826	-37.001	-48.918	-84.838	
Hlutafé	-13.969	-20.702	-45.984	-51.622	
Skuldaskjöl	-857	-16.299	-2.934	-33.216	
Innlend verðbréf	163.775	132.167	365.071	655.826	
Hlutafé	16.155	3.436	14.698	1.017	
Skuldaskjöl	147.620	128.731	350.373	654.809	
Annað fjármagn, nettó	-37.772	15.181	-104.823	-222.292	
Eignir	-35.187	-58.363	-117.784	-393.801	
Skuldir	-2.585	73.544	12.961	171.509	
<b>Gjaldeyrisforði</b>	<b>-3.234</b>	<b>-11.806</b>	<b>-13.603</b>	<b>-8.438</b>	
Skekkiur og vantalið	-7.927	20.457	-29.419	-34.542	
Gengisvísitala (1994 = 100)	104,0	92,4	103,9	94,0	-9,5%

1) Breytingin er reiknuð á föstu gengi m.v. meðalgengisvísitölu krónunnar.

2) Arðgreiðslur af hlutafé og endurfjárfestur hagnaður í beinni fjárfestingu.

3) Neikvætt formerki táknar fjáruústreymi vegna eignaaaukningar eða skuldalækkunar.

## ERLEND STAÐA ÞJÓÐARBÚSINS

<i>Staða í lok tímabils í ma.kr.:</i>	2002	2003	2004	<i>Júní *</i> 2005	<i>Sept. *</i> 2005
<b>I. Erlendar eignir, alls</b>	<b>409,4</b>	<b>708,2</b>	<b>1.135,1</b>	<b>1.570,5</b>	<b>1.684,5</b>
1 Bein fjárfesting erlendis	101,3	122,5	245,0	321,5	366,3
11 Eigið fjármagn	82,3	110,5	210,6	272,2	315,1
12 Lán til tengdra félaga	19,0	12,1	34,3	49,3	51,1
2 Erlend markaðsverðbréf	159,7	262,3	355,8	395,2	443,0
21 Hlutfé	149,3	239,2	328,9	352,4	385,0
22 Skuldaskjöl	10,4	23,1	26,9	42,8	58,0
221 Skuldabréf	9,6	22,7	26,8	42,7	57,7
222 Peningabréf	0,8	0,4	0,1	0,1	0,3
3 Afleiður	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
4 Aðrar fjáreignir en forði	111,2	265,2	468,7	791,4	804,6
5 Gjaldeyrisforði	37,2	58,1	65,6	62,4	70,7
<b>II. Erlendar skuldir, alls</b>	<b>989,2</b>	<b>1.259,0</b>	<b>1.826,0</b>	<b>2.448,2</b>	<b>2.543,0</b>
1 Bein fjárfesting á Íslandi	64,3	84,6	121,9	145,1	150,4
11 Eigið fjármagn	56,1	61,8	88,6	113,2	117,9
12 Lán frá tengdum félögum	8,2	22,8	33,3	32,0	32,5
2 Innlend markaðsverðbréf	490,3	776,2	1.302,2	1.808,4	1.845,2
21 Hlutfé	35,9	42,6	86,5	112,3	115,7
22 Skuldaskjöl	454,4	733,6	1.215,7	1.696,1	1.729,4
221 Skuldabréf	389,7	611,1	1.082,6	1.564,6	1.637,0
222 Peningabréf	64,7	122,5	133,0	131,5	92,5
3 Afleiður	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
4 Aðrar erlendar skuldir	434,6	398,3	402,0	494,7	547,4
41 Löng lán	296,2	252,0	206,7	217,2	230,6
42 Skammtímaskuldir	138,4	146,3	195,3	277,5	316,8
<b>III. Hrein staða við útlönd</b>	<b>-579,8</b>	<b>-550,8</b>	<b>-690,9</b>	<b>-877,7</b>	<b>-858,5</b>
1. Áhættufjármagn, nettó	150,4	234,5	365,5	416,4	485,1
2. Skuldabréf, lán o.fl., nettó	-730,2	-785,3	-1.056,4	-1.294,1	-1.343,6
21 Seðlabankinn	20,8	58,1	65,5	62,2	70,5
22 Hið opinbera	-227,2	-213,7	-205,8	-188,2	-172,4
23 Innlánsstofnanir	-361,8	-471,1	-778,2	-1.011,6	-1.068,7
24 Aðrir geirar	-162,0	-158,6	-137,9	-156,5	-173,0
<i>Gengi Bandaríkjadals</i>	80,58	70,99	61,04	65,02	61,55
<b>IV. Skuldahlutföll, % af VLF: <sup>1</sup></b>					
11 Hrein staða þjóðarbúsins	-79,9	-69,0	-85,3	-85,5	-88,7
12 Hrein skuldastaða <sup>2</sup>	100,6	98,4	130,4	126,0	138,9
13 Erlend skuldastaða <sup>3</sup>	122,5	141,8	199,7	213,3	235,3
131 þ.a. langtímaskuldir	94,5	108,2	159,2	173,5	193,0

\*) Bráðabirgðatölur

1) Verg landsframleiðsla er reiknuð til sambærilegs gengis og erlend skuldastaða í lok tímabils.

2) Hrein skuldastaða (skuldir að frádregnum eignum) án áhættufjármagns (bein fjárfesting og hlutfé).

3) Verg skuldastaða án áhættufjármagns.